



## 2. fundur skólaráðs

Þriðjudaginn 20. september 2022, kl. 11:50

### 1. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi er send á netfang viðkomandi nemanda eða forráðamanns. Hafa ber í huga að námið er á ábyrgð nemenda meðan á leyfi stendur.

### 2. Félagslíf og fjarmál nemendafélaga

Árshátíð skólafélagsins verður haldin í Gullhömrum í október. Vangaveltur um hvort ætti að hafa gesti. Ákvörðun var ekki tekin en þó líklegra að svo verði.

### 3. Önnur mál

1. Í vor barst ekkert framboð í skólanefnd þannig að úr varð að Andrea Edda inspector og Ragnheiður Hulda forseti Framtíðarinnar munu sitja skólanefndarfundum í ár.
2. Vantar 1-3 nemendur í jafnréttisnefnd sem er lögbundin nefnd og munu Andrea Edda og Ragnheiður Hulda sitja sem fulltrúar nemenda. Vantar einn nemanda til viðbótar og verður bætt úr því sem fyrst. Af ýmsu að taka í þessari nefnd, eins og Andrea og Ragnheiður bentu á, og má þar nefna kynjaskiptingu í íþróttum og kynjaskipt klósett. Kom upp sú hugmynd að formaður Aþenu ætti alltaf sæti í jafnréttisnefnd. Vert að skoða betur.
3. Umhverfisnefnd er ný af nálinni og væri æskilegt að nemendur hefðu 1-2 fulltrúa. Boð látið út ganga en fyrstur kemur fyrstur fær enda um að ræða einstaklega spennandi nefnd sem mun hafa mikið að segja næstu árin.
4. Fyrirspurn barst hvort ekki ætti að gera vel við nemendur í 5. bekk þar sem þeir væru orðnir langþreyttir á hávaða í Austurstræti 17. Samkvæmt rektor er um síðustu högginn að ræða þar sem framkvæmdum lýkur á útveggjum hússins í vikunni. Ekkert svar barst við þessari fyrirspurn en berst innan tíðar.
5. Hvíldarherbergið er að verða tilbúið en verður ekki opnað formlega fyrr en búíð er að skila stofuklukkum sem hurfu í aðdraganda tolleringa. Verður unnið í því að endurheimta þær í vikunni.

Fundinn sátu:

Andrea Edda Guðlaugsdóttir fulltrúi nemenda  
Arnór Bjarki Svarfdal Arnarson félagsmálafulltrúi  
Einar Hreinsson konrektor  
Hrefna Marín Sigurðardóttir fulltrúi kennara  
Ólöf Erna Leifsdóttir kennslustjóri  
Ragnheiður Hulda Ö. Dagsdóttir fulltrúi nemenda  
Sigrún Benedikz fulltrúi kennara  
Sólveig Guðrún Hannesdóttir rektor